



Launabreytingar að festast í rúmlega 4% takti

Minni launabreytingar en verið hefur

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands hækkaði launavísitalan um 0,54% milli september og október. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 4,2%, en frá því í júní hefur ársbreytingin verið föst í 4,2%-4,3%, og hefur ekki verið svona lítil síðan í ársbyrjun 2011.

Síðustu ár hefur launavísitalan fyrst og fremst hækkað mikið þá mánuði þegar áfangahækkanir vegna kjarasamninga koma til. Þannig hækkaði launavísitalan um 3,5% í febrúar 2016 og 3,2% í maí 2017. Þessar einstöku hækkanir hafa farið töluvert minnkandi á síðustu árum. Þannig varð hækking launavísitölunnar vegna kjarasamninganna frá í vor töluvert minni en síðustu ár. Á árinu 2016 hækkaði launavísitalan að jafnaði um 0,7% á mánuði, um 0,6% 2017, 0,5% 2018 og um 0,4% það sem af er þessu ári. Þróunin hefur því verið nokkuð jöfn niður á við.

Viðræður vegna kjarasamninga flestra hópa á opinbera markaðnum hafa staðið yfir frá því í vor án þess að samningar hafi verið gerðir. Því hefur ekki verið um neinar launabreytingar að ræða þar á síðustu mánuðum sem dregur úr hækking launavísitölunnar.

Kaupmáttur enn á leið upp á við og hefur aldrei verið meiri

Þrátt fyrir að hækkingartaktur launa hafi lækkað nokkuð stöðugt hefur kaupmáttur launa aukist mikið og var t.d. rúmlega 17% meiri nú í október en í árslok 2015. Kaupmáttur hefur aukist áfram á þessu ári og var 2,2% meiri í október en í desember í fyrra. Frá áramótum 2014/2015 hefur kaupmáttur launa aukist um rúm 26%, eða u.þ.b. 5,5% á ári.


Í langtímasamhengi hefur kaupmáttur aldrei verið meiri og hefur hann aukist nær stöðugt frá árinu 2010. Fyrir hrun var kaupmáttur hæstur á miðju ári 2008, en hann er tæplega 26% hærri núna en þá.

12 mánaða hækkingartaktur launa



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans


Mánaðarbreyting launavísitölu



Lárétta línurnar eru meðaltöl viðkomandi árs

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Kaupmáttur launa frá 2001



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Næstu samningsbundnu launabreytingar á almenna markaðnum verða ekki fyrr en í apríl á næsta ári og því má búast við að kaupmáttur láti eitthvað undan síga fram að því, nema launaskrið byrji að taka við sér. Þó eru þess ekki mikil merki, enda spenna á vinnumarkaði farið minnkandi eins og sést m.a. á auknu atvinnuleysi. Væntanlega er stefnt að því að nýir kjarasamningar verði gerðir á opinbera markaðnum fyrir áramót og munu áhrif þeirra lyfta launavísitölunni upp á við.

Laun stóru hópanna

Tölur frá Hagstofunni um nánari samsetningu launavísitölunnar ná fram til ágúst 2019. Sé litið á launabreytingar stóru hópanna á vinnumarkaði á einu ári, frá ágúst 2018 til sama tíma í ár, má sjá að áhrif kjarasamninga skipta verulegu máli.

Launahækkunir á almenna markaðnum á þessum tíma voru þannig verulega meiri en á þeim opinbera. Kjarasamningar á almenna markaðnum voru gerðir í byrjun apríl og vikunum þar á eftir, en í ágúst höfðu ekki verið gerðir neindir samningar á opinbera markaðnum.


Launahækkunir starfsstétta

Breyting launa eftir starfsstéttum á einu ári frá ágúst 2018 til sama mánaðar 2019 var mest hjá þjónustu-, sölu og afgreiðslufólki, 6,4%, og næstmest hjá verkafólki, 6,1%. Launavísitalan fyrir heildina hækkaði um 4,3% á þessum tíma og því virðist sem markmið kjarasamninganna um að hækka lægstu launin mest séu að ganga nokkuð vel eftir. Laun sérfræðinga og stjórnenda hækkuðu áberandi minnst á þessu tímabili, eða undir 4%, sem er lægra en hækkan launavísitölu.

Útlit fyrir að markmið samninganna haldi


Nú hefur kjarasamningum verið lokað fyrir nær allan almenna markaðinn, en blaðamenn hafa nýlega hafnað samningi sem gerður var. Langstærstur hluti opinbera markaðarins er enn með lausa samninga. Rammi lífskjarasamningsins frá 3. apríl hefur náð fótfestu á nær öllum almenna markaðnum og einnig þeim fáu samningum sem hafa verið gerðir á þeim opinbera. Blaðamenn og opinberir starfsmenn eiga hins vegar eftir að ná samningum.

Launapróun og kaupmáttur




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun einstakra hópa ágúst 2018 - ágúst 2019



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun starfsstétta ágúst 2018 - ágúst 2019



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Eins og staðan er nú sjást ekki mikil merki launaskriðs, sem oft hefur gerst í sögunni þegar hækkanir eru mestar á neðri enda launaskalans.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.